

Eiríkur Rögnvaldsson

Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar

1. Inngangur

Undanfarið ár hefur umræða um stöðu og framtíð íslenskunnar verið áberandi í fjölmiðlum og á netinu.¹ Þar hafa komið fram mjög skiptar skoðanir á því hvort tungan muni lifa af þær samfélagsbreytingar sem nú eru að verða. Í greininni „Íslenskan er að deyja og samfélagið með“ sem Gunnar Smári Egilsson (2015) ritstjóri skrifaði á vef *Fréttatímans* í mars 2015 segir þannig:

Þegar maður þælir í því er augljóst að íslenskan mun deyja út á næstu 50 til 70 árum. Alla vega sem fullburða tungumál í fjölþættum samskip[t]um fólks.

Á hinn bóginn kallar Tryggvi Gíslason (2015) fyrrverandi skólameistari spár um yfirvofandi dauða íslenskunnar „hræðsluáróður“ og segir í grein á vefritinu *Eyjunni* og bloggsíðu sinni í desember 2015:

[...] íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga í margskiptu þjóðfélagi en nú [...] íslenska [...] mun[] lifa um ófyri[r]sjáanlega framtíð.

Undir þetta tekur Pawel Bartoszek (2016) stærðfræðingur í *Fréttablaðinu* í janúar 2016 og heldur því fram að Rasmus Rask hafi spáð „ranglega fyrir um dauða íslenskunnar fyrir um 200 árum“. Sú spá hefur ekki ræst og Pawel telur enga ástæðu til að hafa áhyggjur af málinu; „Íslenskan hefur það fínt“ segir hann.

Þarna er vitnað í frægt bréf Rasmusar Christians Rasks til Bjarna Thorsteinssonar árið 1813 þar sem hann sagði:

Annars þjer einlæglega að segja held jeg, að íslenskan bráðum muni útaf deyja; reikna jeg, að varla muni nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þar upp frá [...] (Hið íslenska bókmenntafjlag 1916: 190).

En það er ekki hægt að segja að Rask hafi spáð „ranglega“ fyrir um dauða íslenskunnar því að hann hélt áfram: „ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar“. Á næstu árum eftir þetta hófu hann og aðrir einmitt að reisa við rammar skorður, m.a. með stofnun Hins íslenska bókmenntafélags 1816. Ef ekki hefði verið

¹ Margir átta sig sjálfsgagt á því að titill greinarinnar er vísun í grein Helga Guðmundssonar (1977), „Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar“. Eins og grein Helga er þessari grein ætlað að benda á ýmis atriði sem gætu haft áhrif á þróun málsins án þess að nokkuð verði fullyrt um það hversu mikil þau áhrif séu. Hlutar úr þessari grein eiga uppruna sinn í grein í *Fréttablaðinu* 16. janúar 2016, í tveimur greinum mínum á *Hugrás* 2015, og í erindum á UT-deginum 2015 og Hugvísindaþingi 2016. Ég þakka fyrir umræður um erindið að loknu Hugvísindaþingi, og þakka einnig Páli Valssyni ritstjóra Skírnis fyrir hvatningu til að skrifa þessa grein, og ábendingar við upphaflega gerð hennar.

gripið til aðgerða er óvíst að íslenskan væri enn notuð í Reykjavík og annars staðar á landinu – a.m.k. er líklegt að sú íslenska væri töluvert öðruvísi en sú sem við tölum nú.

Í þessari grein verður rökstutt að utanaðkomandi aðstæður – samfélags- og tæknibreytingar – valdi því að staða íslenskunnar hafi þrengst verulega á örfáum árum. Þessar aðstæður gætu haft áhrif bæði á form og umdæmi íslenskunnar og á endanum leitt til dauða hennar ef ekkert er að gert. Þó verður að leggja áherslu á að í þessum efnum er ekki hægt að fullyrða neitt að svo stöddu, en þörf er á að rannsaka málið.

2. Málbreytingar – skaðlegar eða skaðlausar?

Rask er svo sannarlega ekki einn um að hafa spáð hnignun og dauða íslenskunnar undanfarin 200 ár. Hér er ekki ætlunin að rekja þá sögu en frá síðustu áratugum má t.d. nefna ráðstefnu „um varðveislu og eflingu íslenskrar tungu“ sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra stóð fyrir í Þjóðleikhúsinu 1. desember 1985. Í setningarávarpi sagði ráðherra að íslenska ætti „í vök að verjast“ og væri á „undanhaldi“, einkum mælt mál („Sóknin er hafin“ 1985). Fyrir réttum 10 árum, 22. janúar 2006, var svo haldin í Norræna húsinu „Ráðstefna um stöðu málsins“ að frumkvæði nokkurra áhugamanna og með tilstyrk Félags íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasambands Íslands. Í boðsbréfi um ráðstefnuna var sagt að íslenskan virtist standa á nokkrum tímamótum og minnt á hina einstæðu samfellu í tungumálinu:

Nú er hald margra að þessi veruleiki heyri senn sögunni til og sé jafnvel um það bil að líða undir lok hjá þeirri kynslóð sem senn mun erfa landið. Að íslenskan fái ekki miklu lengur hamið aðstreymi alls þess nýja efnis sem að henni berst, jafnframt samfélagsbreytingum sem eru svo örar að tungan hljóti að láta undan („Ráðstefna um stöðu málsins“ 2006).

Á ráðstefnunni sagði Páll Valsson bókmenntafræðingur og þáverandi útgáfustjóri Máls og menningar m.a.:

Sjálfar undirstöður tungumálsins eru að breyta. Beygingakerfið er í uppnámi og setningafræðilegur grundvöllur líka. Svo virðist sem tilfinning fólks fyrir uppbyggingu eðlilegra og einfaldra setninga sé á mjög hröðu undanhaldi („Tungumálið er farvegur ...“ 2006).

Síðan eru liðin 10 ár og íslenskan lifir góðu lífi enn – hefur jafnvel aldrei staðið betur að sumra mati, eins og fram kemur í greinum Pawels Bartoszek og Tryggva Gíslasonar sem vitnað var til hér að framan. Hér má nefna að UNESCO hefur útbúið mælikvarða um stöðu og lífvænleik tungumála, og samkvæmt honum stendur íslenska mjög sterkt – er raðað í efsta styrkleikaflokk og metin „örugg“ (safe; UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages 2003). Þetta byggist á því að hún er notuð á öllum sviðum þjóðlífsins; í stjórnkerfinu, í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum, í

fjölmiðlum, í menningarlífinu, á netinu, og í öllum daglegum samskiptum fólks. En er þá ekkert að óttast?

Þegar rýnt er í þær vísbendingar sem menn hafa þóst finna um yfirvofandi dauða íslenskunnar, allt frá Rask til nútímans, kemur í ljós að þær varða flestar eða allar form málsins – orðaforða, framburð, beygingar, setningagerð. Allir þekkja dæmi um málbreytingar sem hafa verið fordæmdar, margar áratugum saman. Þar ber líklega hæst „þágufallssýkina“ svokölluðu, þar sem fólk segir *mér langar, mér vantar, mér hlakkar* og annað svipað í stað *mig langar, mig vantar, ég hlakka* sem er talið rétt. Önnur breyting sem er nýrri og enn sem komið er helst áberandi í máli barna og unglinga er hin svokallaða „nýja þolmynd“ þar sem sagt er *það var barið mig* í stað *ég var barin(n)* og *það var hrint mér* í stað *mér var hrint*. Þriðja breytingin er svonefndur „eignarfallsflótti“ þar sem notað er mynd annars falls (venjulega þágufalls) í stað hefðbundinnar eignarfallsmýndar; *til drottningu, vegna Kristínu* í stað *til drottningar, vegna Kristínar*.

Ég hef satt að segja engar áhyggjur af þessum breytingum eða öðrum svipuðum. Það skiptir að mínu mati engu máli hvort menn segja *mig langar* eða *mér langar* – hvort tveggja er íslenska. Mér er alveg sama hvort menn segja *til drottningar* eða *til drottningu*, og mér er líka alveg sama þótt Ólafur Magnússon gefi mjólkurbúinu sínu nafnið *Kú* en ekki *Kýr*. Í allri málsögunni hefur fallstjórn sagna og beyging nafnorða verið að breytast – sumt af því sem nú er talið rétt í málinu hefur breyst frá fornu máli, og oft virðist vera tilviljanakennt hvaða breytingar hafa verið viðurkenndar og hverjar ekki. Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason skrifuðu *mig vonar*, í Njáluhandritinu Reykjabók frá um 1300 kemur fyrir eignarfallið *föðurs* sem nú er talið rangt, sögnin *langa* er persónuleg í *Íslensku hómilíubókinni* frá um 1200, og svo mætti lengi telja.

Það er samt ekki þar með sagt að allar málbreytingar séu óskaðlegar málinu, eða allt sé í lagi að það breytist hvernig sem er. En svo framarlega sem ekki er hróflað við kerfinu sé ég enga ástæðu til að hafa áhyggjur af einstökum breytingum. Meðan við höldum áfram að beygja orð skiptir ekki öllu máli hvaða fall er notað eða hvaða beygingarmynd. En ef við hættum að beygja orð, og beygingakerfið léti verulega á sjá eins og það hefur gert í öðrum Norðurlandamálum, þá væri ástæða til að bregðast við. Slík breyting hefði mikil áhrif á setningagerð og fæli í sér grundvallarbreytingu á öllu yfirbragði málsins. Líklegt er að hún myndi leiða til þess að rof yrði í málinu, þannig að allir textar frá því fyrir breytinguna, allt frá 12. til 21. aldar, yrðu óskiljanlegir þeim sem á eftir kæmu. Þar með værum við komin í sömu stöðu og t.d. Norðmenn sem verða að lesa Íslendingasögur í þýðingum þótt þær séu skrifaðar á máli sem var sameiginlegt okkur og þeim á sínum tíma.

En það er ekkert sem bendir til þess að slíkt hrún sé yfirvofandi. Þeir sem segja *mér langar, til drottningu* eða *til föðurs* eru ekkert hættir að beygja orðin. Einu vísbendingarnar sem ég kannast við um veiklun beygingakerfisins eru ensk lýsingarorð eins og *töff, næs, kúl* og einhver fleiri, sem venjulega eru notuð óbeygd í íslensku. Sama gerist oft með nýjar slettur í málinu; en ef þær fá einhverja útbreiðslu falla þær venjulega að meira eða minna leyti inn í beygingakerfið. Nafnorðin fá a.m.k. kyn og greini, og iðulega fallendingar; sagnirnar fá þátíðarendingar og endingar persónu og tölu.

Um þetta má nefna fjölda dæma. Af heiti forritsins *Instagram* er komin sögnin *instagramma*. Hún gengur fullkomlega inn í íslenska sagnbeygingu – við segjum *ég (insta)gramma þetta, við (insta)grömmuðum þetta* o.s.frv. Af heiti forritsins *Snapchat* er komið nafnorðið *snapp*. Það fær íslenskan framburð, rímar við *happ*; það fær hvorugkyn og greini, við tölum um *snappið*; og það breytir *a* í *ö* í fleirtölu eins og hvorugkyns-orð gera, við tölum um *mörg snöpp*. Einnig er notuð sögnin *snappa*, og sögnin *gúgla* er vel þekkt. Vissulega eru erlendar slettur af þessu tagi oft hafðar til marks um það að málið sé að fara í hundana. En ég held að það sé ástæðulaust. Það eru alltaf að koma nýjar og nýjar enskuslettur, en aðrar hverfa í staðinn. Slettur koma helst inn í máli unglunga og margar þeirra úreldast mjög fljótt, þótt vissulega lifi sumar áfram. Ef þær sem lifa laga sig að beygingakerfinu, eins og *snapp, fótósjoppa, gúgla* og ótalmargar aðrar, þá sé ég ekki að þær valdi miklum skaða.

Ég vil samt leggja áherslu á að með þessu er ég ekki endilega að leggja blessun mína yfir ýmsar málbreytingar. Ég er ekki að hvetja til þess að menn hætti að amast við þágufallssýki eða enskuslettum – það verður hver að gera upp við sig. Ég er bara að segja að þessar breytingar skapa enga stórhættu fyrir íslenskuna. Reyndar held ég að áköf barátta gegn þeim geti verið skaðleg því að hún dregur athyglina frá alvarlegri ógnunum sem fjallað er um í næsta kafla.

3. Samfélags- og tæknibreytingar undanfarinna ára

Breytingar á við þær sem rætt er um í kaflanum hér á undan falla undir það sem á seinustu árum hefur verið nefnt *formvandi* tungumálsins. En sú hætta sem nú steðjar að íslenskunni felst ekki síður í því sem hefur verið nefnt *umdæmisvandi*. Kristján Árnason prófessor hefur skilgreint hvorttveggja ágætlega:

Formvandinn snýst um val á staðli og formi hans, hvað sé talið rétt og rangt, viðeigandi eða ekki. Hvað telst góð og gild íslenska og hvað ekki? Hinn vandinn er spurningin um stöðu tungumála hvers gagnvart öðru, í okkar tilviki auðvitað íslensku gagnvart öðrum tungum. Þetta er spurning um notkunarvið sem kalla má umdæmisvanda (Kristján Árnason 2001).

Aðalhættan um þessar mundir felst í því að íslenska missi beinlínis ákveðin notkunarsvið til enskunnar – annaðhvort vegna þess að málnotendur kjósi fremur að nota ensku á ákveðnum sviðum, eða þá vegna þess að þeir séu beinlínis neyddir til þess af því að íslenska sé ekki í boði. Kristján Árnason segir í áðurnefndri grein:

Ég er ekki í vafa um að meginvandi íslenskrar málrættar á þeirri öld, sem nú er nýbyrjuð, verður þessi umdæmisvandi. Þetta er spurningin um sambúð íslensku við aðrar tungur, fyrst og fremst ensku (Kristján Árnason 2001).

Ég er sammála Kristjáni um það að umdæmisvandinn verði meginviðfangsefni íslenskrar málrættar á 21. öldinni – ef íslenska verður undir í samkeppninni við ensku hverfur formvandinn af sjálfu sér, því að íslenska verður þá aðeins safngripur. En ég held að þessi árin þurfi að huga vel bæði að formi og umdæmi tungunnar. Áreiti á íslenskuna hefur nefnilega vaxið mjög mikið á undraskömmum tíma, einkum á undanförunum fimm árum eða svo, og mun fyrirsjáanlega aukast enn á næstunni. Fyrir því eru fjölmargar ástæður en þær helstu eru:

1. **Snjalltækjabyltingin.** Flestir Íslendingar, a.m.k. yngra fólk, eiga snjallsíma eða spjaldtölvur nema hvorttveggja sé. Í gegnum þau tæki er fólk sí tengt við alþjóðlegan menningarheim sem er að verulegu leyti á ensku, þar er fólk að spila leiki á ensku, horfa á myndefni á ensku o.s.frv. Notendur þessara tækja eru sífellt með þau á lofti og þannig hefur dregið úr venjulegum samskiptum á íslensku.
2. **Gagnvirkir tölvuleikir.** Margir, einkum yngra fólk, spila mikið af tölvuleikjum sem eru undantekningarlaust á ensku. Margir þessara leikja eru spilaðir á netinu þannig að þátttakendur geta verið víða um heim. Leikirnir eru iðulega gagnvirkir – krefjast mállegra samskipta á ensku. Sú málkunnátta sem þannig byggist upp er því virk og gerir meiri kröfur til notenda en óvirk kunnátta.
3. **YouTube- og Netflix-væðingin.** Nær allir Íslendingar eru nettengdir og hafa þannig aðgang að ótakmörkuðu myndefni á YouTube, Netflix og öðrum efnisveitum. Búast má við að notendum Netflix fjölgi verulega nú þegar það er opinberlega í boði á Íslandi. Líklegt er að börn og unglingar séu stór hluti neytenda þessa efnis sem vitaskuld er mestallt á ensku og ótextað.
4. **Ferðamannastraumurinn.** Fjölgun ferðamanna hefur haft mikil áhrif bæði í viðskiptalífínu og menningarlífínu. Verslanir leggja sífellt meiri áherslu á að höfða til útlendinga með auglýsingum og vörumerkingum á ensku, og sleppa jafnvel íslenskunni. Menningarviðburðir af ýmsu tagi, s.s. tónleikar og leiksýningar, fara einnig í auknum mæli fram á ensku til að ná til ferðamanna.
5. **Fjölgun innflytjenda.** Búast má við að fólki með annað móðurmál en íslensku fjölgi verulega á næstu árum. Þar er aðallega um að ræða erlent vinnuafli, en

einnig hælisleitendur og flóttamenn. Nýlega kom fram í fréttum að þörf væri á stórfelldum innflutningi vinnuafis á næstu árum, þannig að búast mætti við því að 15% íbúa landsins yrði af erlendum uppruna árið 2030 („Ísland að breytast ...“ 2016).

6. **Háskólastarf á ensku.** Skiptinemum og öðrum erlendum stúdentum við íslenska háskóla fer fjölgandi og einnig erlendum kennurum. Vaxandi hluti háskólakennslu fer því fram á ensku (Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson 2014). Jafnframt er sífellt meiri áhersla lögð á virka þátttöku í alþjóðlegu háskólastarfi þar sem enska er aðal tungumálið. Þjálfun stúdenta í að fjalla um viðfangsefni sín á íslensku fer því minnkandi.
7. **Alþjóðavæðingin.** Breytt heimsmýnd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglingar sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi. Í nýlegri könnun kom fram að helmingur 15-16 ára unglunga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni – var þriðjungur fyrir hrun („Helmingur íslenskra unglunga ...“ 2015). Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglunga til íslenskunnar sem þeir vita að gagnast þeim lítið erlendis.
8. **Talstýring tækja.** Flest tæki eru nú tölvustýrð að mestu leyti og þessum tækjum verður á næstunni stjórnað með tungumálinu að miklu leyti – við munum tala við tækin. Margir þekkja nú þegar leiðsögutæki í bílum, eða Siri í iPhone, eða sjónvörp sem talað er við. Framfarir í talgreiningu eru stórstígar og búast má við að ýmsum algengum heimilistækjum verði stjórnað með því að tala við þau.

Allt er þetta jákvætt, út af fyrir sig. Það er gott að fólk eigi kost á fjölbreyttri afþreyingu og samskiptum, ferðamannastraumurinn er kærkomin innspýting í efnahagslífið, fjölgun innflytjenda vinnur gegn lækkanði fæðingartíðni og eykur fjölbreytni þjóðlífsins, það er þægilegt að geta stjórnað tækjum með því að tala við þau, og vitanlega er frábært að æska landsins skuli eiga kost á því að taka þátt í alþjóðlegu rannsóknar- og þróunarstarfi, sækja sér menntun og atvinnu hvert sem hana lystir og búa erlendis um skemmri tíma eða til langframa. Það er heldur ekki nema gott um það að segja að Íslendingar læri ensku sem yngstir og sem best því að hún er vitanlega lykill að svo mörgu.

4. Hugsanleg áhrif samfélags- og tæknibreytinga á tungumálið

En þótt umræddar breytingar séu þannig jákvæðar að mestu leyti skapa þær mikið álag og þrýsting á íslenskuna og þótt staða hennar virðist góð á yfirborðinu er hún brothætt – það þarf e.t.v. ekki mikið til að fari að molna úr undirstöðunum. Til að verða öruggir málnotendur þurfa börn og unglingar að hafa mikla íslensku í öllu málumhverfi sínu. Sá tími sem varið er í afþreyingu, samskipti og störf á ensku er að mestu leyti tekinn frá íslenskunni. Við það bætist að bóklestur á íslensku, sem er ein mikilvægasta aðferðin

til að efla kunnáttu í málinu og tilfinningu fyrir því, hefur minnkað verulega á undanförunum árum, a.m.k. meðal ungs fólks (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir 2012). Breytingarnar gætu aukið á bæði formvandann og umdæmisvandann og komið fram á a.m.k. fernan hátt:

1. **Bein áhrif frá ensku aukast.** Þetta getur komið fram á ýmsum sviðum – áhrifin á orðaforða og merkingu orða eru augljósust, en einnig má búast við áhrifum á setningagerð og hugsanlega beygingar og jafnvel framburð.
2. **Íslenskt ílag minnkar.** Snjalltækjanotkun, sjónvarpsáhorf o.fl. getur leitt til þess að börn á máltökuskeiði heyri minni íslensku talaða. Afleiðingin gæti orðið sú að íslenskt ílag nægi ekki til að byggja upp sterkt málkerfi og málkennd.
3. **Notkunarsvið íslensku skerðist.** Notkun ensku hefur þegar aukist, og notkun íslensku minnkað að sama skapi, á nokkrum sviðum – í viðskiptalífinu, í ferðaþjónustu, í háskólakennslu, og í margs kyns samskiptum við tölvur.
4. **Virðing fyrir tungumálinu minnkar.** Ef íslenska verður ekki nothæf eða notuð á öllum sviðum samfélagsins gæti hún fengið á sig þann stimpil að vera gamaldags og hallærisleg. Það gæti svo enn dregið úr notkun hennar.

Það er sameiginlegt öllum þessum atriðum að þau tengjast bæði formi og umdæmi málsins. Bein áhrif frá ensku og minnkað íslenskt ílag varðar vissulega einkum formið, fljótt á litið a.m.k., en þetta gæti hvorttveggja leitt til aukinnar óvissu um íslenska málnotkun og þannig stuðlað að því að málnotendur leiti fremur í faðm enskunnar. Skert notkunarsvið málsins og minnkandi virðing varðar einkum umdæmið, en gæti einnig haft áhrif á formið. En eins og áður hefur komið fram er það ekki nýtt að hnignun og dauða íslenskunnar sé spáð. Slíkar spár hafa oft verið tengdar tækninýjungum, t.d. Kanasjónvarpinu, gervihnattasjónvarpi, netinu, tölvuleikjum o.fl. Eru eitthvað meiri líkur til þess nú en áður að „heimsendaspámenn“ hafi rétt fyrir sér?

Ég held að aðstæður nú séu að minnsta kosti að þrennu leyti andstæðari íslenskunni en áður hefur verið:

1. **Meira og víðtækara áreiti.** Enskan í málumhverfinu er meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr.
2. **Yngri víðtakendur.** Enskt máláreiti nær til yngri barna en áður, bæði gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf.
3. **Gagnvirkni.** Enskunotkun málnotenda, einkum barna og unglinga, er mun gagnvirkari en áður – í stað þess að vera að miklu leyti bundin við einhliða miðlun þar sem börn og unglingar eru óvirkir víðtakendur er enskan núna orðin virkt samskiptatæki við fólk og tölvur.

Ég legg þó áherslu á að ekki er hægt að fullyrða neitt um áhrif þessara samfélags- og tæknibreytinga á tungumálið að svo stöddu. Til þess skortir rannsóknir, og auk þess er trúlegt að það geti tekið nokkurn tíma fyrir hugsanleg áhrif að koma fram. Enn er því ekki útséð um að seinni hluti áðurnefnds spádóms Rasks rætist, þ.e. að íslenska verði horfin af landinu öllu árið 2113.

5. Stafrænn dauði eða stafræn íslenska?

Hugtakið *stafrænn tungumáladauði* (e. digital language death) hefur talsvert verið notað í umræðu um stöðu og lífvænleik tungumála upp á síðkastið (sjá einkum Kornai 2013, Rehm og Uzokreit (ritstj.) 2012). Í viðamikilli könnun sem gerð var 2012 og náði til 30 evrópumála kom fram að 21 af þeim málum sem könnunin tók til ættu á hættu stafrænan dauða – næðu ekki að halda í við öra þróun í máltækni og stafrænum samskiptum þar sem tungumálið leikur sífellt stærra hlutverk („Að minnsta kosti 21 Evrópumál ...“ 2012). Íslenska var meðal þeirra mála sem voru talin í hættu – og stóð raunar næstverst allra málanna. Því hefur einnig verið haldið fram að a.m.k. 95% allra tungumála í heiminum láti undan síga í stafrænni notkun (Kornai 2013).

Með *stafrænum dauða* er átt við að tungumál verði undir á netinu og í stafrænum samskiptum. Enginn vafi er á því að þetta er gagnlegt hugtak, en ýmislegt er enn óljóst í sambandi við merkingu þess og notkun. Hvernig er nákvæm skilgreining á stafrænum dauða? Hvernig lýsir hann sér? Hvað veldur honum? Hvaða mælistikur eða viðmið er hægt að nota til að meta stafrænt lífsmark tungumála? Er hægt að koma í veg fyrir hann – og þá hvernig? Leiðir stafrænn dauði óhjákvæmilega til algers dauða, eða getur tungumál lifað góðu lífi í raunheiminum þótt það verði undir á netinu?

Margar þeirra breytinga á umhverfi íslenskunnar sem nefndar voru hér að framan tengjast stafrænum heimi beint eða óbeint. Ef við viljum gera eitthvað til að bæta lífsskilyrði íslenskunnar til frambúðar og auka möguleika hennar á að lifa áfram, bæði í stafrænum heimi og raunheimi, tel ég að það mikilvægasta og gagnlegasta sem við getum gert sé að gera átak á sviði íslenskrar máltækni. Með máltækni er átt við margs konar tengsl tungumáls og tölvutækni – máltækni gerir okkur kleift að hafa samskipti við tölvurnar, og nýta þær á ýmsan hátt til að liðsinna okkur við tungumálið. Skammt er í að alls konar tækjum verði stjórnað með því að tala við þau – en hvaða tungumál?

Að óbreyttu er ekki útlit fyrir að hægt verði að tala íslensku við tækin. Að vísu er íslensk talgreining í sínum með Android-stýrikerfi, og tæknilega séð er ekkert því til fyrirstöðu að við notum íslensku í stað ensku í samskiptum við leiðsögukerfið í bílnum okkar, eða tölum íslensku við Siri. En til að svo megi verða þarf fé til að útbúa ákveðin gögn og vinna ákveðna tæknivinnu. Verði þetta ekki gert er hættu á að íslenskan missi stórt notkunarsvið yfir til enskunnar.

En máltækni getur líka komið að gagni á ýmsum öðrum sviðum. Það er t.d. tæknilega hægt að setja íslenskan texta á allt sjónvarpsefni, hvort sem það er á Netflix, YouTube eða annars staðar, með því að nota talgreiningu og vélrænar þýðingar. Talgreinir greinir þá erlenda talið og breytir því í ritaðan texta sem sendur er til þýðingarforrits. Þýðingarforritið snarar textanum á íslensku og getur skrifað hann sem neðanmálstexta á skjáinn, eða sent hann til talgervils sem skilar frá sér íslensku tali. Þessi tækni er þegar til fyrir ensku – að vísu ekki sérlega fullkomin enn, en batnar mjög með hverju ári. Tækni af þessu tagi gæti skipt sköpum fyrir framtíð íslenskunnar. Þetta gæti líka nýst vel í samskiptum við ferðamenn og innflytjendur, og til að kenna útlendingum íslensku.

Íslensk stjórnvöld eru farin að átta sig á mikilvægi þessa máls, og vorið 2014 samþykkti Alþingi einróma eftirfarandi þingsályktun um „aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni“.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga í málvísindum og upplýsingatækni sem geri áætlun um aðgerðir er miði að því að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi. Áætlunin feli í sér tímasett yfirlit um aðgerðir og áfanga, kostnaðarmat og fjármögnun [...] („Þingsályktun ...“ 2014).

Í skýrslu nefndarinnar sem skipuð var í framhaldi af þingsályktuninni er lagt til

að fjárfest verði í íslenskri máltækni með sérstakri langtímaáætlun til 10 ára [...]. Nefndin áætlað að það þurfi um einn milljarð króna til að byggja nauðsynlegan grunn þannig að í lok áætlunarinnar verði íslenskan komin í flokk nágrannatungumála þegar litið er til stuðnings við máltækni. Þetta er vissulega mikið fé, en nefndin telur að á þessu sviði eigi þjóðin ekkert val, sé raunverulegur vilji til þess að gera Íslendingum kleift að halda áfram að nota íslensku á öllum sviðum þjóðlífsins (Menntamálaráðuneytið 2015).

Nefndin lagði til að fé til máltækni yrði úthlutað gegnum sérstakan samkeppnissjóð sem Rannís yrði falin umsjón með. Í framhaldi af því var Máltæknisjóður stofnaður vorið 2015 og hafði til umráða 15 milljónir króna fyrsta árið, en 30 milljónir árið 2016. Það er þó langt frá því sem nefndin lagði til og ljóst að þetta hrekkur skammt til að byggja upp íslenska máltækni. En í umræðum á Alþingi á degi íslenskrar tungu 2015 sagði Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra:

Það verður að vera þannig, og það verður þannig, að á næstu missirum og árum verði tryggt að nægjanlegt fjármagn fái til að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er til að íslenskan verði gjaldgeng í hinum stafræna heimi. Kostnaðurinn við það er nefnilega ekki nema brotabrot af þeim geipilega kostnaði sem á okkur mundi falla ef brotnaði undan tungumálinu (Illugi Gunnarsson 2015).

Á þingfundi 14. mars 2016 upplýsti ráðherra svo að ríkisstjórnin hefði efnt til samstarfs við atvinnulífið um átak á sviði máltækni og unnið væri að ítarlegri verk- og kostnaðar-áætlun sem væntanleg væri með haustinu (Illugi Gunnarsson 2016). Á meðan tifar klukkan og því hefur verið haldið fram að næstu tvö til þrjú ár geti ráðið úrslitum um framtíð íslenskunnar („Íslenska á tölvuöld ...“ 2016).

6. Lokaorð

Þótt hér hafi verið lögð áhersla á máltækni er vitaskuld margt fleira sem skiptir máli. Nauðsynlegt er að efla íslenskukennslu á öllum skólastigum, stórauka þýðingar á íslensku, bæði á bókmenntatextum og nytjatextum, efla íðorðasmíð, styrkja gerð íslenskra kvikmynda og sjónvarpsefnis, efla bókaútgáfu og bóklestur, en ekki síst vekja Íslendinga til vitundar um stöðu tungunnar og hugsanlegar aðgerðir.

Íslenska deyr ekki út á næstu fimm eða tíu árum – og ekki á næstu áratugum, held ég. Hún hefur góða möguleika á að standast þann þrýsting sem hún verður nú fyrir og lifa fram yfir 2113, og vonandi gerir hún það. En til þess þarf hún stuðning, og fyrsta skrefið er að málnotendur – og stjórnvöld – átti sig á þeim gífurlegu breytingum sem hafa orðið á umhverfi og aðstæðum íslenskunnar á örfáum árum, og til hvers þær gætu leitt. Það er vissulega útilokað að segja til um langtímaáhrif þessara breytinga, en við getum ekki leyft okkur að loka augunum fyrir þeim. Þegar og ef hrun verður í tungumálinu, eða það verður ónothæft á mikilvægum sviðum, verður of seint að grípa til aðgerða – glötuð tunga verður ekki endurheimt. Tíminn er þess vegna dýrmætur og íslenskan á að njóta vafans.

Heimildir

- „Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á hættu.“ 2012. Sótt <http://www.meta-net.eu/whitepapers/press-release-is>.
- Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson. 2014. „Landsrapport Island: Íslenskt eller engelskt í íslenskt universitetsvirkisomhed?“ Frans Gregersen (ritstj.): *Hvor parallelt. Om parallellspråkighet på Nordens universitet*, 427–486. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. 2012. „Bóklausir og bókaormar. Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglunga í alþjóðlegu ljósi.“ *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt 25. mars 2016 á <http://netla.hi.is/menntakvika2012/004.pdf>.
- Gunnar Smári Egilsson. 2015. „Íslenskan er að deyja og samfélagið með.“ *Fréttatíminn* [vefsíða] 7. mars. Sótt 25. mars 2016 á <http://www.frettatiminn.is/islenskan-er-ad-deyja-og-samfelagid-med/>.
- Helgi Guðmundsson. 1977. „Um ytri aðstæður íslenzkrar málþróunar“. *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*, 314–325. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- „Hellingur íslenskra unglunga vill helst búa erlendis.“ 2015. Sótt 25. mars 2016 á <http://www.akureyri.net/frettir/2015/07/15/hellingur-islenskra-unglinga-vill-helst-bua-erlendis/>.
- Hið íslenska bókmenntafjelag 1816-1916. 1916. *Minningarrit aldarafmælisins 15. ágúst 1916*, bls. 190. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Illugi Gunnarsson. 2015. [Íslensk tunga í stafrænum heimi.] Sótt 25. mars 2016 á <http://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20151116T154734.html>.
- Illugi Gunnarsson. 2016. [Íslensk tunga í stafrænum heimi.] Sótt 25. mars 2016 á <http://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20160314T164827.html>.
- „Ísland að breytast í innflytjendapjóð.“ 2016. Sótt 25. mars 2016 á <http://www.ruv.is/frett/island-ad-breytast-i-innflytjendathjod>.
- „Íslenska á tölvuöld: Næstu tvö til þrjú ár „kítísk“ fyrir framtíð tungumálsins. 2016. Sótt 25. mars 2016 á <http://www.visir.is/islenska-a-tolvuold--naestu-tvo-til-thrju-ar--kritisik--fyrir-framtid-tungumalsins/article/2016160308727>.
- Kornai, András. 2013. „Digital Language Death.“ *PLoS ONE* 8(10): e77056. DOI: 10.1371/journal.pone.0077056
- Kristján Árnason. 2001. „Málstefna 21. aldar.“ *Málfregnir* 11: 3–9.
- Menntamálaráðuneytið. 2015. *Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni*. [Skýrsla.] Sótt 25. mars 2016 á

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=45BF6E91E01EEC7600257DF600495736>.

Pawel Bartoszek. 2016. „Íslenskan hefur það fint.“ *Fréttablaðið* 9. janúar.

„Ráðstefna um stöðu málsins.“ 2006. *Lesbók Morgunblaðsins* 21. janúar.

Rehm, Georg, og Hans Uzkoheit (ritstj). 2012. *META-NET White Paper Series*. [31 hefti.]. Berlín: Springer.

„Sóknin er hafin.“ 1985. *Morgunblaðið* 3. desember.

Tryggvi Gíslason. 2015. Dauði íslenskrar tungu – og máltækni. *Eyjan* [vefsíða] 10. desember. Sótt 25. mars 2016 á

<http://blog.pressan.is/tryggvigislason/2015/12/10/daudi-islenskrar-tungu-og-maltaekni/>.

„Tungumálið er fjarvegur minninga, reynslu og gilda.“ 2006. *Morgunblaðið* 23. janúar.

UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2003. *Language Vitality and Endangerment*. Document submitted to the International Expert Meeting on UNESCO Programme Safeguarding of Endangered Languages, Paris, 10–12 March 2003. Sótt 25. mars 2016 á

<http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/>

[HQ/CLT/pdf/Language_vitality_and_endangerment_EN.pdf](http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/pdf/Language_vitality_and_endangerment_EN.pdf).

„Þingsályktun um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni.“

2014. Sótt 25. mars 2016 á <http://www.althingi.is/alttext/143/s/1076.html>.